

## STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 30. nóvember, var haldinn 28. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.30. Fundinn sátu Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Arnaldur Sigurðarson, Marta Guðjónsdóttir, Björn Gíslason og Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Auður Alfífa Ketilsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ásta Guðrún Beck, Hreinn Hreinsson, Óskar J. Sandholt og Theódóra Sigurðardóttir.

Fundarritari var Unnur Margrét Arnardóttir.

### Petta gerðist:

1. Lögð fram hugmynd af samráðsvefnum Betri Reykjavík „Flugfargjöld Reykjavíkurborgar og Vildarpunktur“ dags. 30. september 2015. Samþykkt að vísa hugmyndinni til umsagnar fjármálaskrifstofu.
2. Lagt fram til kynningar bréf mannréttindaskrifstofu um styrkúthlutanir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar dags. 2. nóvember 2015.
3. Lögð fram að nýju tillaga Hilmars Sigurðssonar dags. 1. júní 2015, sbr. 7. liður fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 1. júní 2015. Einnig er lögð fram umsögn borgarlögmanns dags. 10. nóvember 2015.

Tillöguhöfundur dregur tillöguna til baka með vísan í umsögn borgarlögmanns.

Hilmar Sigurðsson leggur fram eftirfarandi bókun:

Eftir stendur sú staðreynd að íbúar á höfuðborgarsvæðinu hafa skertan atkvæðisrétt á við íbúa í öðrum landshlutum. Það er ólíðandi að í ríki sem vill kenna sig við lýðræði, sé uppi sú staða að atkvæði sérhverrar manneskju sé ekki lagt að jöfnu. Við kosningaefirlit hér á landi hefur Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) ítrekað bent á verulegt ósamræmi milli vægis atkvæða í Alþingiskosningum þar sem munar upp í helmingi á atkvæðavægi. Löggjafinn hefur fram til þessað hundsáð þær alvarlegu ábendingar og þær eru heldur ekki hluti af núverandi vinnu Stjórnarskrárnefndar Alþingis. Í þjóðaratkvæðagreiðslu í október 2012, svöruðu tveir þriðju landsmanna að þeir vildu jöfnun atkvæðisréttar. Tillöguhöfundur hvetur Borgarstjórn til að taka þetta mál upp á sínum vettvangi og ræða af alvöru um leiðir og möguleika til að hafa áhrif á landsstjórnina til að atkvæðavægi verði jafnað sem allra, allra fyrst. Ein manneskja – eitt atkvæði er grundvöllur lýðræðisins og á meðan slíkt er ekki til staðar er vandséð hvernig Ísland geti talist raunverulegt lýðræðisríki.

4. Lagðar fram umsagnir og álit á hugmyndum um breytt fyrirkomulag hverfisráða dags. 23. nóvember 2015 sbr. 4. liður fundargerðar stjórnkerfis og lýðræðisráðs 15. júní 2015.
5. Fram fer kynning á úrvinnslu tillagna starfshóps um umsjón með úrvinnslu upplýsinga, ábendinga og athugasemda úttektarnefndar borgarstjórnar um stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Umræða um nýtt fyrirkomulag kynninga.

Svavar Jósefsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram til kynningar bréf forsætisnefndar dags. 18. nóvember 2015 um breytingu á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

7. Lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks í velferðarráði dags. 22. janúar 2015. Velferðarráð vísaði tillögunni til meðferðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á fundi sínum 5. febrúar 2015 sbr. bréf frá velferðarsviði dags. 19. nóvember 2015.
- Tillögunni er vísað til umsagnar hjá upplýsinga- og vefdeild.
- Kl. 14.40 tekur Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir sæti á fundinum.

**Fundi slitið kl. 14:44**

Eva Einarsdóttir

Hilmar Sigurðsson  
Arnaldur Sigurðarson  
Björn Gíslason

Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir  
Marta Guðjónsdóttir  
Jón Ingi Gíslason